



Fornleifaskráning vegna Orkugarðs í landi Hólma, Reyðarfirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/009

Forsíðumynd: Horft til vesturs yfir hluta væntanlegs framkvæmdasvæðis.

© Guðný Zoëga

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Lýsing á skráningarsvæðinu	6
Hólmar – ágríp af sögu	7
Fornleifaskrá	8
Horfnar minjar án hnita.....	17
Flateyri – ágríp af sögu	18
Fornleifaskrá	18
Samantekt.....	21
Hættumat.....	22
Heimildaskrá	24

Inngangur

Fornleifaskráning var gerð á afmörkuðu deiliskipulagssvæði í landi Hólma í Reyðarfirði, vegna orkugarðs sem danska fjárfestingarfyrtækið CIP hefur hug á að reisa. Verkið var unnið í samstarfi við Náttúrustofu Austurlands. Vettvangsferð var farin þann 16 maí 2022. Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrslugerð var í höndum Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings. Heimildamenn fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Heimildamenn:

Auðbergur Jónsson frá Hólmum.

Elías Jónsson frá Hólmum.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2832

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í fyrrum landi Hólma fá þær nafn jarðarinnar, verknúmer Minjastofnunar og hlaupandi númer. Fjárhús sem kölluð voru Hólhús fá því númerið Hólmar 2832-1.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega hættu af völdum framkvæmdanna.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með Trimble TDC650 tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.



Mynd 1. Yfirlitstekning sem sýnir legu minja á svæðinu.

Lýsing á skráningarsvæðinu

Væntanlegt framkvæmdasvæði nær frá vestri til austurs frá læknum austan við álver Fjarðaáls og að Bæjarlæk á Hólmum en frá norðri til suðurs frá þjóðvegi niður að sjó. Nokkrar framkvæmdir hafa nú þegar farið fram á vesturhluta svæðis vegna vinnu við álverið og rafstrengur var grafinn niður eftir svæðinu endilöngu neðan þjóðveggar sumarið 2024 .



Mynd 2. Bæjarstæði Hólma eins og það lítur út í dag. Í forgrunni er kirkjugarður en eina uppistandandi húsið er gömul hlaða. Væntanlegt framkvæmdasvæði er hægra megin við Bæjarlækinn sem rennur vinstra megin við bæjarstæðið. Horft í NV.

Hólmar – ágríp af sögu

Hólma er fyrst getið í Vilchinsmáldaga 1397² en þar var prestsetur og kirkjustaður Reyðarfjarðarhrepps um aldir. Árið 1899 var sókninni skipt og Eskifjarðarkirkja stofnuð og árið 1911 var Hólmakirkja aflögð og rifin og ný kirkja reist á Búðareyri. Hólmar þóttu heldur rýr bújörð, en hún var rík af jarðeignum og hlunnindum og þótti því gott brauð.³

Í jarðaskrá frá 1696 eru Hólmar metnir 12 hundruð en engar hjáleigur nefndar.⁴ Í jarðabók 1847⁵ eru Hólmar enn metnir 12 hundruð með hjáleigunni Baulhúsum en neðanmáls segir: „1760 er hér nefnd hjáleiga, Krókur, en Bauluhús eigi fyrri enn nú hjá sýslumanni og presti.“ Sóknalýsing frá 1843 segir um þessi hjábýli: „Bauluhús er nýbýli byggt upp fyrir 14 árum í Hólmalandi.“⁶

Grasbýlið Bauluhús var norðanvert í Hólmahálsi, við Eskifjörð. Krókur (Miðhúsakrókur) var þar sem nýbýlið Flateyri stóð síðar, innan við Hólma á mörkum við Sómastaði. Í eyðibýlaskrá Ólavíusar er Krókur sagður hafa farið í eyði 1757⁷, en samkvæmt sýslu og sóknalýsingum byggðist þar aftur og hann lagðist endanlega í eyði um 1813.⁸ Skammtíma búseta var á Stekk

² Íslenskt fornbréfasafn, IV, bls. 226-227.

³ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 142-3.

⁴ Björn Lárusson, 1967, bls. 324.

⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 375

⁶ Finnur N. Karlsson ofl., 2000, bls. 378-9.

⁷ Ólafur Olavíus, 1965, bls. 144.

⁸ Finnur N. Karlsson ofl., 2000, bls. 381.

í Stekkjartúni ofan Leiðarhöfða á fyrri hluta 19. aldar og um 1880 var svokallað Enesarhús, íveruhús og sjóhús, byggt skammt frá höfðanum. Þar var búið af og til fram um aldamótin 1900.⁹

Búið var á Hólmum til 2005¹⁰ en þar standa nú engin hús önnur en gömul hlaða.

Fornleifaskrá

Hólmar 2832-001

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í óræktuðu túni um 60m vestur af Bæjarlæknum og 80m vestur af þeim húsum sem enn standa á Hólmum er slétt flöt með mishæðum.

Lýsing

Þarna stóðu áður fjárhús og hlaða sem kölluðust Hólhús.

Á ljósmynd sem finna má í gagnasafninu Sarpi¹¹ og tekin var um 1920 sést að hlaða var

áföst fjárhúsunum að aftan. Húsin hafa snúið nálega norður-suður og frampil vitað til suðurs. Þústin sem sýnileg var við vettvangsskráningu var um 12m að lengd og mest um 6m á breidd, en mikill gróður var þá á svæðinu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Hólma í Eskju (I. bindi, bls. 125) segir: „Fyrir utan Grundarhús eru *Hólhús*. Neðan við þau er Hólhústún.“ Í örnefnaskrá Hólma (bls. 4) segir: „Grundarhús eru í túninu og lækurinn fyrir utan hann. Svo eru *Hólhús*.“ Húsin sjást mögulega á túnakorti Hólma en eru þar merkt inn sem matjurtagarður. Engin ummerki þess garðs sjást í túninu.

Hólmar 2832-002

Sérheiti: Grundarhús

Hlutverk: Fjárhús, heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir



Mynd 3. Horft til vesturs yfir Bæjarlæk, Hólhús [2832-001] sést sem bunga fyrir miðri mynd.

⁹ Eskja, I. bindi, bls. 120-21.

¹⁰ Minningargrein um Jón Vigfússon í Morgunblaðinu 23.02.2011.

<https://timarit.is/page/5354364#page/n23/mode/2up>

¹¹ Sarpur, menningarsögulegt gagnasafn <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=636850>


Næsti lækur innan við Bæjarlækinn á Hólmum heitir Grundarhúsalækur. Fast vestan lækjar um 40m upp frá sjávarbakka og 200m SV af bæjarstæði Hólma er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður og hefur verið tvískipt, fjárhús sunnan til en hlaða aftan við. Tóftin er orðin mjög gróin og veggir hrundir. Fjárhúsin hafa verið um 3x9m að innanmáli og hefur framþil vitað í suður. Aftan fjárhústóftarinnar er önnur áföst tóft, um 3x3m að innanmáli og hafa dyr vitað í austur, að læknum. Áföst vestan hennar er 3x6m upphækkun, líklega heytóft, en engir sýnilegir veggir. Veggir eru grjóthlaðnir en nokkuð hrundir. Þeir eru lægstir um 40cm og mest um 1m á hæð, veggjaþykkt um 1m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Hólma í Eskju (I. bindi, bls. 125) segir: „Grundarhús er í túninu og Grundarhúslækur fyrir utan það.“



Hólmar 2832-003

Hlutverk: Naust

Tegund: Niðurgröftur, hleðsla

Staðhættir


Í fjöruborði, um 11m austan við Grundarhúsalæk og 35m SA af Grundarhúsi [2832-002] eru leifar af nausti.

Lýsing

Um er að ræða niðurgröft, 3m breiðan og 4m langan. Hlaðið hefur verið innan í bakkana. Hæð hleðslu er mest um 80cm en tóftin var full af timbri og bárujárn.



Mynd 4. Leifar nausts [2832-003] við fjöruborð yst á Hólmagrund. Horft í vestur.



Mynd 5. Yfirlitsmynd sem sýnir hleðslur og skurði á skráningarsvæðinu.

Hólmar 2832-004

Hlutverk: Hleðsla undan girðingu

Tegund: Hleðsla

Staðhættir


Grjótröð undan vírgirðingu liggur upp með læk um 350m vestur af bæjarstæði Hólma.

Lýsing

Grjótröðin liggur frá fjöru upp að þjóðvegi ofan túns. Hleðslan hverfur á köflum en sést ágætlega á loftmynd. Hún liggur upp meðfram læknum á um 200m kafla, hverfur svo á kalfa en sést aftur á 30m kafla neðan þjóðvegur.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 143) stendur í búskaparannál: „Túnslétta 0,24 ha. Tún- og engjagirðing 17,5km 5-þættur gaddavír 14,2km, grjótgarður með vírstreng 3,3 km.“



Mynd 6. Hleðsla undan girðingu [2832-004] á austurbakka lækjar.

Hólmar 2832-005

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 600m inn af bæjarstæði Hólma um 30m ofan fjörunnar, eru leifar grjóthleðslu.

Lýsing

Hleðslan virðist einföld en myndar ferkantaðan reit, mögulega undan húsi. Hún er um 3x4m að utanmáli og snýr austur-vestur en grjót í hleðslunni virðist nokkuð aflagað. Einföld grjótröð, um 13m löng liggur til suðurs frá SV horni hleðslunnar.

Aðrar upplýsingar

Engar upplýsingar eru til um mannvirki þarna og það sést ekki á loftmynd frá 1966.¹²



Mynd 7. Ferhyrnd grjóthleðsla [2832-005]. Horft í SV.

Hólmar 2832-7

Hlutverk: Hleðsla undan girðingu

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Einföld grjótröð undan girðingu liggur ofan túna á Hólum. Hleðslan liggur um 50m neðan þjóðveggar og sést á um 650m löngum kafla til vesturs frá Bæjarlæknum.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 143) stendur í búskaparannál: „Túnslétta 0,24 ha. Tún- og engjagirðing 17,5km 5-þættur gaddavír 14,2km, grjótgarður með vírstreng 3,3 km.“

Hólmar 2832-8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Garðurinn er í heildina um 45m að lengd. Hann sést á um 280m löngum kafla þar sem hann liggur frá fjöruborði, upp með læk á um 100m kafla og beygir svo til NA og sést þar á um 150m löngum kafla. Á þessum kafla er garðurinn um metri á breidd og mest um 70cm á hæð. Um 130m ofar (norðar) er svo annar stæðilegur grjótgarður sem liggur þar austur vestur á um 100m löngum kafla vestur frá þar sem Hólmarétt [2832-020] stóð. Þar er garðurinn veglegri allt að 1,5m á hæð og 1,5m að breidd. Líklegt er



Mynd 8. Túngarðsbrot [2832-008] efst í túni. Horft í NV.


¹² Loftmynd fengin af síðu Landmælinga Íslands, <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

að þessir garðar hafi átt saman og verið eldri túngarður, þeir eru mun stæðilegri en grjótlagnirnar sem eru undan túngirðingum [2832-007, 009 og 010].

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (bindi 3. bls. 144) segir í búskaparannál: Gamalt: Grjótgarður fyrir innan og ofan tún og grjótrétt fyrir 500-600 fjár.“ Aldur garðsins er þar sagður óviss.

Í bók Ólafs Jónssonar, Skriðuföll og snjóflóð (bindi 1. bls. 544) segir: „Sumarið 1950 var vætusamt um austur og norðurhluta landsins, en hvergi eins og á Austfjörðum [...] föstudaginn 14. júlí, laugardagsnóttina og nokkuð fram á laugardaginn 15. júlí var mikil rigning í Reyðarfirði. Þennan laugardagsmorgun féllu margar skriður úr Hólmahálsi bæði Reyðarfjarðar- og Eskifjarðarmegin. Skriðurnar á Hólmum voru aðallega fjórar. Sú sem fyrst hljóp var mest. Hún kom niður norðan við stórt gil í fjallinu vestur og upp af bænum. Heitir gil þetta Torgagjá [...] Skriðan tók af stóran hluta af *túngarði* [2832-008] hlöðnum úr grjóti og allstóra skilarétt [2832-020], almenning, ásamt 3-4 dilkum. Réttin var við túngarðinn, og voru veggir allir tvíhlaðnir úr grjóti. Af þeim standa aðeins smábrot eftir.“



Mynd 9. Túngarður [2832-008] og grjóthleðslur [2832-007 og 009] undan girðingum efst í túni á Hólmum. Horft í austur.

Hólmar 2832-009

Hlutverk: Girðing

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Einföld grjótlína undan girðingu liggur á um 60m kafla frá vestri til austurs fast neðan Hólmaréttar [2832-009]. Við Bæjarlækinn beygir hleðslan til suðurs og er sýnileg niður með vesturbakka lækjarins á 150m kafla.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 143) stendur í búskaparannál: „Túnsléttu 0,24 ha. Tún- og engjagirðing 17,5km 5-þættur gaddavír 14,2km, grjótgardur með vírstreng 3,3 km.“

Hólmar 2832-010

Hlutverk: Girðing


Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Einföld grjótröð undan vírgirðingu liggur á um 100 m kafla ofan túns á Hólmum, frá vesturbakka Bæjarlækjarins, um 30m neðan við Hólmarétt [2832-020] og til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 143) stendur í búskaparannál: „Túnsléttu 0,24 ha. Tún- og engjagirðing 17,5km 5-þættur gaddavír 14,2km, grjótgardur með vírstreng 3,3 km.“



Mynd 10. Horft til suðurs yfir tóftina af Torgarhúsi, Hólmar í baksýn.

Hólmar 2832-011

Sérheiti: Torgarhús

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 200m ofan (NV) af Hólmabæ, 17m vestur af bakka Bæjarlækjarins er útihúsatóft.

Lýsing

Tóftin liggur nálega norður-suður og er 12m að lengd og 7m að breidd að utanmáli. Austur veggur er 12m að lengd en vestur veggur er 10m langur. Tóftin kann að hafa verið tvískipt en þó gætu veggir verið hrundir inn að hluta. Hleðslur standa ágætlega en eitthvað farnar að hrynja, algrónar grasi. Veggir eru allt að 1m á hæð og 1m á breidd og dyr hafa vitað í suður. Girðing [2832-009] hefur legið til suðurs meðfram tóftinni, 2m austan hennar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Hólma (bls. 1) segir: „Þá er nafnlaus fjara, er í falla Stórilækur úr Geldingahjallagjá og Grundarhúsalækur og þriðji lækur, sem rennur niður Hólmatún. Hann kemur úr Torgargjá, kallaður Torgarhúsalækur eða Bæjarlækur. Torgarhús var hesthús, sem dró nafn af Torgargjá.“

Hólmar 2832-012

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á loftmynd frá 1966 má sjá stæðilega timburrétt fast neðan þjóðvegur um 680m vestur af Hólmabæ og 300m NA af bænum Flateyri.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni, Auðbergi Jónssyni, var þessi rétt byggð eftir að Hólmarétt [2832-020] skemmdist í snjóflóði. Það var um 1950 og telst réttin því ekki til fornleifa. Hún er þó höfð með í skráningunni þar sem hún er hluti af menningarlandslaginu vestan túns á Hólmum. Réttin er nú horfin.

Hólmar 2832-013

Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir og lýsing

V-laga handgrafinn skurður liggur frá Bæjarlæknum til NV á 80m löngum kafla en beygir svo til SV og á um 80m löngum kafla. Skurðurinn virðist handgrafinn, mest um 50cm á dýpt. Hefur mögulega verið til að veita vatni frá efsta hluta túns. Vélgrafinn skurður sem gengt hefur sama tilgangi er skammt neðan skurðarins.

Hólmar 2832-014

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Um 15m NV af þar sem fjárhúsin Hólhús stóðu er ferköntuð dæld í túni.

Lýsing

Dældin er um 3x4m að utanmáli en var illgreinanleg sökum mikillar sinu.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1967 má sjá kofatóft á svipuðum stað.



Hólmar 2832-015

Hlutverk: Óþekkt, fjárhús?

Tegund: Dæld

Staðhættir og lýsing

Innarlega á svokallaðri Hólmagrund, 300m SV við bæjarstæði Hólma, á sléttlendi neðan brekku er ferköntuð dæld með lágum brúnum sem virðist vera grunnur undan húsi. Grunnurinn liggur norður-suður og er 4x9m að utanmáli.



Mynd 11. Á myndinni til vinstri er í forgrunni túngarður [2832-008] en fjær má sjá aflanga tóft [2832-016], mögulega af kvíum. Horft í suður.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Auðbergur Jónsson kannaðist við mannvirkið en vissi ekki hvað þarna hefði verið.

Hólmar 2832-016

Hlutverk: Óþekkt, kvíar?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 300m NV bæjarstæðis Hólma efst í túni um 4m neðan við túngarð [2832-008] er jarðsokkin tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV-SA, er 8m að lengd og 3m að breidd að utanmáli. Vegg hæð er mest 30-40cm og veggjaþykkt um 60cm. Veggir eru algrónir og er tóftin annað hvort jarðsokkin eða að grjóti úr veggjum hefur verið nýtt í annað. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni en hluta af vesturenda NV langveggjar virðist vanta.

Aðrar upplýsingar

Lögun tóftar og staðsetning styður að þetta gæti verið tóft af kvíum en hún gæti þó verið tvískipt. Það er þó ólíklegt að um stekkjartóft sé að ræða. Heimildamaður Auðbergur Jónsson kannaðist ekki við tóftina. Þegar skráð var á vettvangi 2022 var tóftin enn til staðar en hún hvarf við plægingu rafstrengs sumarið 2024.

Hólmar 2832-019

Hlutverk: Niðurgröftur

Tegund: Skurður

Staðhættir og lýsing

Handgrafinn skurður er 190m vestur af bæjarstæði Hólma. Skurðurinn er um 70m langur og liggur NV-SA. Hann er grunnur, mest um 60cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Skurðurinn hefur líklega verið til að veita vatni frá Grundarhúsum [2832-002] en hann liggur skáhallt í brekkunni nokkru ofan þeirra.

Hólmar 2832-020

Sérheiti: Hólmarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í krikanum milli heimreiðar á Hólum og núverandi þjóðvegur út Hólmaháls, 290m ofan við bæjarstæði Hólma, vestan Bæjarlækjar eru illa farnar leifar af grjóthlaðinni rétt.

Lýsing

Þarna er 20x30m svæði með aflöguðum grjóthleðslum. Svæðið er ferkantað og það má greina þar mögulega 3-4 dilka en annars er réttin mjög úr lagi gengin. Túngarðurinn [2832-008] hefur legið að SV horni réttarinnar sem hefur þá verið áföst garðinum, utan túns.

Aðrar upplýsingar

Í bók Ólafs Jónssonar, Skriðuföllum og snjóflóðum (bindi 1. bls. 544) segir: „Sumarið 1950 var vætusamt um austur og norðurhluta landsins, en hvergi eins og á Austfjörðum [...] föstudaginn 14. júlí, laugardagsnóttina og nokkuð fram á laugardaginn 15. júlí var mikil rigning í Reyðarfirði. Þennan laugardagsmorgun féllu margar skriður úr Hólmahálsi bæði Reyðarfjarðar- og Eskifjarðarmegin. Skriðurnar á Hólum voru aðallega fjórar. Sú sem fyrst hljóp var mest. Hún kom niður norðan við stórt gil í fjallinu vestur og upp af bænum. Heitir gil þetta Torgagjá [...] Skriðan tók af stóran hluta af túngarði [2832-008] hlöðnum úr grjóti og allstóra skilarétt [2832-020], almenning, ásamt 3-4 dilkum. Réttin var við túngarðinn, og voru veggir allir tvíhlaðnir úr grjóti. Af þeim standa aðeins smábrot eftir.“

Sumarið 2024 var plægt í gegn um leifar réttarinnar við lagningu rafstrengs.



Mynd 12. Horft til SV, leifar Hólmaréttar [2832-020] hægra megin á mynd áður en rafstrengur var grafinn niður í gegn um svæðið.

Hólmar 2832-021

Sérheiti: Krókur/Miðhúsakrókur

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Afbýlið Krókur/Miðhúsakrókur var um 1km vestur af bæjarstæði Hólma. Þar var síðar nýbýlið Flateyri en ekki er vitað hvort það stendur nákvæmlega á sama stað og fornþýlið (sjá mynd 13).

Aðrar upplýsingar

Í fornþýlaskrá Olavíusar er Krókur sagður hafa farið í eyði 1757. Það hefur þó byggst aftur því í sóknalýsingu Hólmasóknar frá 1843 (Finnur N Karlsson, bls. 381) er afbýlið Krókur sagt hafa

lagst af vegna landþrengsla 30 árum fyrr. Býlið kann því að hafa verið nokkuð gamalt en engar heimildir eru til um tóftir býlisins eða hvort þær voru nákvæmlega á sama stað og Flateyri. Svæðið hefur allt verið rutt niður í jökulmel vegna framkvæmda við álver Fjarðaáls og öll ummerki um býlið eru horfin.

Horfnar minjar án hnita

Hólmar 2832-024

Eldra númer úr skýrslu FSÍ: SM-134:

Sérheiti: Biskupsstóll

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild


Staðhættir

Í örnefnalýsingu Hólma í Eskju (I. bindi, bls. 125) segir: „Þá er komið út undir Hólma. Biskupsstóll heitir innst á Hólmagrund, litlir klettur í grasbrekku og líkir sæti. Er sagt að biskupar og prestar hafi setið þar og lesið.“

Aðrar upplýsingar

Engin ummerki fundust sem pössuðu við þessa lýsingu örnefnaskrár. Steinn sem skráður er sem Biskupssæti í skráningu Fornleifastofnunar frá 1998 passar ekki við þessa lýsingu (Hnit skv. eldri skýrslu: A732229 N513315). Heimildamaður, Auðbergur Jónsson, vissi ekki hvar Biskupssæti var en Hólmagrundin mun hafa verið sléttlendið inn frá Grundarlæk. Á örnefnakorti Landmælinga Íslands er Biskupsstóll sýndur ofan þjóðvegur utan svæðis. Það stemmir ekki við lýsingu heldur.¹³

¹³ <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>



Mynd 13. Horft til NA yfir bæjarstæði Flateyrar [2832-017] og Króks [2832-021]. . Leifar af sjóhúsi og nausti við fjöruborð vestanvert á Krókseyri.

Flateyri – ágríp af sögu

Flateyri var nýbýli sem stofnað var úr landi Hólma árið 1922.¹⁴ Býlið telst því til fornleifa skv. 100 ára reglu laga um menningarminjar. Bærinn var rifinn vegna jarðvegsframkvæmda við álver Fjarðaáls á árunum 2002-2006. Engin ummerki sjást nú um bæinn eða útihús, önnur en sjóhús á Krókseyri.

Fornleifaskrá

Flateyri 2832-017

Sérheiti: Flateyri

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 1 km vestur af bæjarstæði Hólma var nýbýlið Flateyri sem byggt var á sama eða svipuðum stað og afbýlið Krókur/Miðhúsakrókur sem komið var í eyði 1813.

Lýsing

Öll ummerki um bæinn og aðrar minjar í og við tún eru horfnar vegna jarðvegsframkvæmda tengdum byggingu álvers.

¹⁴ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 146.

Flateyri 2832-006

Hlutverk: Sjóbúð, naust

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við strandlengjuna í vík innan við svokallaða Krókseyri eru tóftir sambyggðs sjóhúss og nausts frá býlinu Flateyri.

Lýsing

Tóft naustsins liggur fremst á grasbakka ofan fjöruborðs. Þil hefur vitað í suður en annars er tóftin grjóthlaðin um 7x7m að stærð. Veggir eru 50-100cm á hæð og 1m á þykkt. Grjóthleðsla liggur í boga til vesturs frá vesturvegg tóftarinnar og myndar naustið sem um 7x7m að stærð. Hleðslan er mest um 60cm á hæð og 70cm á breidd. Þarna hafa bátar verið dregnir upp.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1966¹⁵ má sjá þak á byggingunni. Heimildamaður, Auðbergur Jónsson, mundi eftir þessari byggingu og segir þetta hafa verið sjóhús Guðmundar Sveinssonar sem var ábúandi á Flateyri frá 1922-1956.



Flateyri 2832-018

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á loftmynd frá 1967 má sjá útihús undir þaki um 40m vestan við íbúðarhús Flateyrar.

Aðrar upplýsingar

Húsið sést á mynd í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 146) og þar segir í myndatexta: ÚTIHÚS: Fjós úr bl. efni f. 2 ('40), fjárhús f. 140, torf-grjóttóft, timburport, járnþak, 250 m³, hlaða ('40) [...]. Húsin á myndinni eru fjárhús með hlöðu en óvíst er hvort fjósið hafi verið hluti þess húss en engin önnur útihús sjást í námunda íbúðarhússins á loftmynd. Útihúsin sjást enn á loftmynd 1994 en eru horfin 1996.

Flateyri 2832-022

Sérheiti: Flateyri

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Um 240m NV af þar sem bærinn Flateyri stóð, 40m neðan þjóðvegur og 100m austur af afleggjara niður að álverinu stóðu útihús á loftmynd frá 1967. Húsið hefur snúið nálega austur-vestur.

¹⁵ Loftmynd fengin af síðu Landmælinga Íslands, <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loft-myndasafn>

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af loftmynd og kann að skeika einhverjum metrum. Tóft af húsinu sést enn á loftmynd frá 2002 en er horfið vegna framkvæmda við álverið 2006.

Flateyri 2832-023

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Um 240m NV af þar sem bærinn Flateyri stóð, 40m neðan þjóðvegur og 100m austur af afleggjara niður að álverinu stóðu útihús á loftmynd frá 1967. Skammt vestan þeirra voru 2-3 tóftir í hnapp.

Aðrar upplýsingar

Hnit eru tekin af loftmynd og kann að skeika einhverjum metrum. Tóftirnar virðast horfnar á loftmynd 1994. Engin ummerki eru lengur um þessar tóftir vegna jarðvegsframkvæmda við álverið. Á örnefnakorti Landmælinga er örnefnið Gunnarstættur sýnt á svipuðum stað en ekki víst hvort það eigi við þessar tóftir. Eina heimild um örnefnið er að finna yfir örnefnalista sem tekinn var saman af Kristni Guðmundssyni¹⁶ en það er engin frekari útlistun á tilurð þess.

¹⁶ <https://nafnid.is/ornefnaskra/22015>

Samantekt

Alls voru 23 fornleifar skráðar á vettvangi og ein upp úr heimildum. Þar af fundust 17 minjar (71%) á vettvangi, 6 minjar (25%) voru horfnar en hægt var að staðsetja þær eftir loftmyndum. Ein fornleif (4%) fannst ekki.

Tafla 1. Tafla yfir fjölda minja á skráningarsvæðinu.

Fjöldi minja	Með hnitum	Án hnita	Samtals
Enn til staðar	17		17
Horfnar	6		6
Fundust ekki		1	1
Alls:			24

Skráningarsvæðið, eins og það var skilgreint í gögnum frá verkkaupa, nær yfir þann hluta túna á Hólmum sem lágu innan við Bæjarlækinn og móana vestan þess. Bæjarstæði Hólma, þ.m.t. kirkjugarður eru utan lækjarins og því utan framkvæmdasvæðisins eins og það er skilgreint nú. Vestasti hluti svæðisins, þar sem nýbýlið Flateyri stóð hefur þegar orðið fyrir miklum breytingum vegna framkvæmda. Sama má segja um efsta hluta túns þar sem lagður var rafstrengur sumarið 2024.

Elstu minjarnar sem fundust á svæðinu er grjóthlaðinn túngarður [2832-008] sem hefur nokkuð verndargildi. Leifar fjögurra útihúsa eru í túni á Hólmum; tóft Grundarhúss [2832-002], fjárhúss vestan túns, Hólhúss [2832-001] og fjárhúss og hlöðu til móts við bæjarstæðið. Grundarhús og Hólhús voru enn undir þaki á loftmynd 1967, sem og kofatóft [2832-14] skammt vestur af Hólhúsum. Torgarhús [2832-011], hesthús ofarlega í túni, eru hinsvegar orðin tóft á loftmyndinni. Tóftir Torgarhúsa og Grundarhúsa eru vel varðveittar en tóftir Hólhúsa hafa verið sléttaðar og sjást nú einungis sem dæld í túni. Kofatóftin skammt frá Hólhúsum hefur einnig verið sléttuð. Möguleg kvíatóft [2832-016] er efst við túngarðsvegg og tóftarleifar [2832-015] eru innst á Hólmagrund. Tóftin sést á loftmynd frá 1967. Leifar niðurgrafins nausts [2832-] er ofan fjöruborðs utanvert á Hólmagrund. Uppi við þjóðveg eru leifar Hólmaréttar [2832-], grjóthlaðinnar réttar sem skemmdist í aurflóði 1950. Aðrar minjar í og við tún á Hólmum hafa minna verndargildi, grjóthleðsla [2832-005] vestarlega á svæðinu, handgrafnir drenskurðir [2832-013 og 019], og einfaldar grjótlagnir [2832-004, 007, 009 og 010] undan vírgirðingum. Vestast í landi Hólma var nýbýlið Flateyri [2832-017] en íbúðarhúsi og öðrum húsaleifum [2832-018, 022 og 023] í og við tún var rutt í burtu vegna framkvæmda við álver Alcoa og eru því horfnar. Fornbýlið Krókur (Miðhúsakrókur) [2832-021] mun hafa verið á sama stað og Flateyri og því einnig horfið. Sömu sögu er að segja af timburrétt [2832-012] sem tók við af Hólmarétt eftir að hún eyðilagðist. Einu minjarnar sem fundust í landi Flateyrar er tóft sjóhúss og nausts [2832-006] á Krókseyri.

Tafla 2. Yfirlit yfir skráðar minjar og mat á hættu vegna framkvæmda.

Auðkenni	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2832-001	fjárhús, hlaða	þúst	1850-1966	mikil hætta	framkvæmda	732312	513435
2832-002	fjárhús, hlaða	tóft	1800-1950	mikil hætta	framkvæmda	732214	513348
2832-003	naust	niðurgröftur, hleðsla	1900-1950	mikil hætta	framkvæmda	732229	513298
2832-004	girðing	hleðsla	1920-1950	mikil hætta	framkvæmda	732041	513383
2832-005	óþekkt	hleðsla	1800-1950	mikil hætta	framkvæmda	731803	513250
2832-006	sjóbúð, naust	tóft	1850-1950	mikil hætta	framkvæmda	731364	513005
2832-007	girðing	hleðsla	1920-1950	mikil hætta	framkvæmda	731945	513514
2832-008	túngarður	hleðsla	1500-1920	mikil hætta	framkvæmda	732170	513658
2832-009	girðing	hleðsla	1920-1950	mikil hætta	framkvæmda	732248	513682
2832-010	girðing	hleðsla	1920-1950	mikil hætta	framkvæmda	732279	513668
2832-011	hesthús	tóft	1800-1920	mikil hætta	framkvæmda	732312	513627
2832-012	rétt	heimild	1800-1950			731524	513456
2832-013	skurður	niðurgröftur	1900-1950	mikil hætta	framkvæmda	732249	513569
2832-014	óþekkt	dæld	1850-1966	mikil hætta	framkvæmda	732295	513447
2832-015	óþekkt, fjárhús	dæld	1800-1950	mikil hætta	framkvæmda	732105	513312
2832-016	óþekkt, kvíar?	tóft	1800-1950	hætta	framkvæmda	732165	513648
2832-017	híbýli	heimild	1922-2002		framkvæmda	731396	513172
2832-018	útihús	heimild	1922-1999		framkvæmda	731360	513190
2832-019	skurður	niðurgröftur	1900-1950	mikil hætta	framkvæmda	732167	513408
2832-020	rétt	hleðsla	1800-1950	hætta	framkvæmda	732237	513694
2832-021	híbýli	heimild	1500-1813			731396	513172
2832-022	útihús	heimild	1900-1980			731205	513314
2832-023	útihús	heimild	1800-1950			731181	513286
2832-024	þjóðsögustaður	heimild	1800-1950				

Hættumat

Við gerð skráningar er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af öðrum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír flokkar, engin hætta, hætta og mikil hætta.¹⁷ Mat á hættu minja má finna í töflu 2 og í heildartöflu í viðauka við skýrslu. Við skráninguna lá ekki fyrir hvar endanleg mannvirki verða sett niður þannig að allar minjar sem enn eru til staðar eru metnar í mikilli hættu. Möguleg kvíatóft **[2832-016]** og Hólmarétt **[2832-012]**, eru einungis metnar í hættu þar sem þær urðu báðar fyrir miklu raski við lagningu rafstrengs sumarið 2024. Óvíst er hversu mikið er eftir af þessum minjum. Hólmarétt var auk þess illa farin eftir aurflóð sem féll 1950.

Ekki er gert hættumat fyrir minjar sem ekki finnast eða eru horfnar. Alls voru 6 minjar á vesturhluta svæðisins horfnar með öllu. Þar af voru tóftir **[2832- 022 og 023]**, og standandi byggingar **[2832-017 og 018]** og timburrétt **[2832-012]** skráðar af loftmynd frá 1967. Það má því reikna með nokkurra metra skekkju í staðsetningu þeirra. Fornbýlið Krókur **[2832-021]** var

¹⁷ https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

á sama stað eða nærri nýbýlinu Flateyri en þar hefur jarðvegi verið rutt í burtu og allar minjar horfnar. Þjóðsögustaðurinn Biskupsstóll [2832-024] fannst ekki við skráninguna.

Verði breytingar á framkvæmdasvæðinu eða aðkomu að því verður að endurskoða skrána og hættumatið.

Samkvæmt 100 ára reglu Laga um menningarminjar¹⁸ teljast mannvistarleifar frá 1924 og fyrr til fornleifa. Þó svo ekki sé hægt að fullyrða um aldur tófta í og við Hólmatún, falla þær flestar að grunni til undir lögin. **Ef sýnt er að minjar verði fjarlægðar, skemmdar eða huldar vegna framkvæmda ber skv. 21gr. laga um menningarminjar¹⁹, að sækja leyfi þar um til Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun tekur líka endanlega ákvörðun um frekari rannsóknir eða mótvægisáðgerðir.** Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

¹⁸ Nr. 80 frá 2012 á síðunni <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

¹⁹ Nr. 80 frá 2012 á síðunni <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers*. Lund: Gleerup.

Íslenskt Fornbréfasafn IV. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1897.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson (1999). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. FS093-9912.

Sótt af: <https://rafhladan.is/handle/10802/9816>

Eskja sögurit Eskfirðinga. 1. bindi. Ritstj. Einar Bragi. Byggðasögunefnd Eskifjarðar 1971.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703 (1947). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Ólafur Olavius. (1965). *Ferðabók*. Landshagir í norðvestur, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá Hólma skráð af Stefáni Einarssyni eftir Guðmundi Sveinssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimasíða Landmælinga Íslands

Sótt af: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Fylgiskjöl

2832 - Fornleifaskráning vegna Orkugarðs - hnitaskrá

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2832-001	Hólhús	púst	fjánhús, hlaða	1850	1966	horfin	mikil hætta	framkvæmda	732312	513435
2832-002	Grundarhús	tóft	fjánhús, hlaða	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732214	513348
2832-003		niðurgröftur, hleðsla	naust	1900	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732229	513298
2832-004		hleðsla	girðing	1920	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732041	513383
2832-005		hleðsla	óþekkt	1800	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	731803	513250
2832-006		tóft	sjóbúð, naust	1850	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	731364	513005
2832-007		hleðsla	girðing	1920	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	731945	513514
2832-008		hleðsla	túngarður	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732170	513658
2832-009		hleðsla	girðing	1920	1950	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732248	513682
2832-010		hleðsla	girðing	1920	1950	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732279	513668
2832-011	Torgarhús	tóft	hesthús	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732312	513627
2832-012		heimild	rétt	1800	1950	sést ekki			731524	513456
2832-013		niðurgröftur	skurður	1900	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732249	513569
2832-014		dæld	óþekkt	1850	1966	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732295	513447
2832-015		dæld	óþekkt, fjánhús	1800	1950	greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732105	513312
2832-016		tóft	óþekkt, kvíar?	1800	1950	greinanleg	hætta	framkvæmda	732165	513648
2832-017	Flateyri	heimild	híbýli	1922	2002	sést ekki		framkvæmda	731396	513172
2832-018		heimild	útihús	1922	1999	sést ekki		framkvæmda	731360	513190
2832-019		niðurgröftur	skurður	1900	1950	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	732167	513408
2832-020	Hólmarétt	hleðsla	rétt	1800	1950	greinanleg	hætta	framkvæmda	732237	513694
2832-021	Krókur (Miðhúsakrókur)	heimild	híbýli	1500	1813	sést ekki			731396	513172
2832-022		heimild	útihús	1900	1980	sést ekki			731205	513314
2832-023		heimild	útihús	1800	1950	sést ekki			731181	513286
2832-024	Biskupsstóll	heimild	þjóðsögustaður	1800	1950	fannst ekki				

Yfirlitsmynd sem sýnir útmörk framkvæmdasvæðis og minjar innan þess

Útlína svæðis

Hólmavík

Hólmagrund

Flateyri/Krókur

Krókseyri

2832-001, 2832-002, 2832-003, 2832-004, 2832-005, 2832-006, 2832-007, 2832-008, 2832-009, 2832-010, 2832-011, 2832-012, 2832-013, 2832-014, 2832-015, 2832-016, 2832-017, 2832-018, 2832-019, 2832-020, 2832-021, 2832-022, 2832-023

0 75 150 300 m

